

**Leiðrétt verkefnauppgjör Vatnamælinga  
gagnvart Landsvirkjun árin 1989-1994**

**Kristinn Einarsson  
Árni Snorrason  
Helgi Gunnarsson**

**Greinargerð KE-ÁSn-HG-95/07**

## LEIÐRÉTT VERKEFNAUPPGJÖR VATNAMÆLINGA GAGNVART LANDSVIRKJUN ÁRIN 1989-1994

### INNGANGUR

Greinargerð þessi tengist árlegum greinargerðum KE/ÁSn/HG, sem innihalda almennt verkefnauppgjör Vatnamælinga fyrir árin 1989 til 1994, og er gerð í framhaldi af greinargerð KE/ÁSn/HG-95/02, sem inniheldur verkefnauppgjör gagnvart Landsvirkjun árið 1994. Tilgangurinn með henni er að sýna leiðréttu útreikning einingarverðs aftur í tímann, með tilliti til kostnaðar er til fellur vegna vinnu starfsmanna Orkustofnunar utan Vatnamælinga.

### 1. VINNA STARFSMANNA ORKUSTOFNUNAR UTAN VATNAMÆLINGA

Í verkefnauppgjöri Vatnamælinga gagnvart Landsvirkjun 1994 er í fyrsta skipti talinn fram kostnaður vegna vinnu starfsmanna Orkustofnunar utan Vatnamælinga, og veldur það nokkurri hækkun á einingarverði vinnunnar miðað við fyrra ár. Grundvallarforsenda í samningi OS og LV um vatnamælingar er sú, að Landsvirkjun greiði meðalkostnað Vatnamælinga OS við vinnuna sem framkvæmd er skv. honum. Hingað til hefur farist fyrir að telja fram kostnað vegna starfsmanna OS utan Vatnamælinga. Ástæðan fyrir því, að þessi villa kemur fram nú, er tvíþætt. Annars vegar er fjöldi slíkra vinnustunda tiltölulega mikill 1994, hins vegar hefur orðið breyting á innra bókhaldi Orkustofnunar hvað varðar vinnuskipti milli deilda, og er nú farið að reiknað þau á ákveðnu verði í lokauppgjöri þeirra á milli. Jafnframt inniheldur pósturinn "Aðrir starfsmenn OS-V" í töflu 2 í árlegu uppgjöri Vatnamælinga fleiri starfsmenn Jarðhitadeildar með hverju árinu sem líður. Fyrr eða síðar hlutu menn að taka eftir þessari villu, en hingað til má segja að vinna að vatnamælingum hafi verið niðurgreidd af fjárveitingu Orkustofnunar sem þessu nam.

Til að leiðréttu gömlu grundvallarjöfnuna við útreikning á einingarverði innivinnu:

$$E_i = \frac{OS \cdot V_{\Sigma V} - K_u}{T_v} \quad (1)$$

er virkur vinnutími Vatnamælingamanna (SAMTALS OS·V<sub>v</sub> í töflu 2) settur í nefnarann í stað vinnu að vatnamælingum T<sub>v</sub>. Vitað er, að einingarverð á innivinnu er lægra á Vatnamælingum en að meðaltali á Orkustofnun, og er því ekki ósanngjarnt gagnvart viðskiptavinum að nota sömu tölu og hjá Vatnamælingamönnum til uppgjörs á kostnaði við vinnu að vatnamælingastörfum, sem framkvæmd er af öðrum starfsmönnum Orkustofnunar.

### 2. LEIÐRÉTT UPPGJÖR 1989 TIL 1994

Í töflu 1 er sýnt óleiðrétt og leiðrétt einingarverð innivinnu árin 1989 til 1994, skv. verðlagi hvers árs, ásamt þeirri niðurgreiðslu sem Landsvirkjun hefur notið eða myndi njóta að óbreyttu á hverjum tíma.

*TAFLA 1. Óleiðrétt og leiðrétt einingarverð, ásamt niðurgreiðslu til Landsvirkjunar í kjölfar þess, á verðlagi viðkomandi árs.*

Ár	Óleiðrétt E <sub>i</sub> [kr./klst.]	Leiðrétt E <sub>i</sub> [kr./klst.]	Mismunur [kr./klst.]	Niðurgreiðsla til LV [kr.]
1989	1.818,53	2.007,09	188,56	823.649
1990	2.020,40	2.348,40	328,00	1.330.827
1991	2.158,72	2.421,71	262,99	1.137.283
1992	2.091,06	2.280,91	189,85	655.134
1993	1.820,56	2.079,85	259,29	800.402
1994	1.842,55	2.135,80	293,25	948.104

### 3. HEILDARKOSTNAÐUR VATNAMÆLINGA 1994

Ein nauðsynleg athugasemd hefur fallið niður af vangá í greinargerð með verkefnauppgjöri Vatnamælinga 1994. Hún varðar töflu 1, en þar er settur fram heildarkostnaður Vatnamælinga 1994 81.993 Kkr., sem er 500 Kkr. hærra en summa tveggja næstu liða á undan. Farist hefur fyrir að geta þess, að sá heildarkostnaður innifelur jafnframt 500 Kkr. uppgjörsgreiðslu Orkustofnunar til Landsvirkjunar vegna snjóþóls 1994, sem ekki var inni í bókhaldi vegna aðferðar við uppgjör og þurfti því að bæta við heildarupphæðina eftir á.